

FÉLAGSDÓMUR

Dómur fimmtudaginn 30. nóvember 2023

Mál nr. 9/2023:

Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði

(Reimar Snæfells Pétursson lögmaður)

gegn

Alþýðusambandi Íslands

vegna Eflingar stéttarfélags

(Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður)

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 10. nóvember sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Ragnheiður Bragadóttir, Eva Dís Pálmadóttir og Kristinn Bjarnason.

Stefnandi er Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði, Bauganesi 22 í Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands vegna Eflingar – stéttarfélags, bæði skráð að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

- Að viðurkennt verði með dómi að stefnandi fari með samningsumboð fyrir félagsmenn sína gagnvart stefnda við gerð kjarasamnings sem gildi um störf félagsmanna stefnda.
- Að viðurkennt verði með dómi að miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu stefnda og Samtaka atvinnulífsins frá 1. mars 2023, sem fól í sér framlengingu á kjarasamningi stefnda og Samtaka atvinnulífsins vegna vinnu starfsfólks á veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, sé ekki bindandi fyrir stefnanda og félagsmenn hans.
- Að viðurkennt verði með dómi að miðlunartillagan hafi ekki gildi sem „lágmarkskjör“ í skilningi laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda fyrir félagsmenn stefnda sem ráðnir eru til starfa hjá félagsmönnum stefnanda.
- Að viðurkennt verði með dómi að þau kjör sem mælt var fyrir um í kjarasamningi stefnda og Samtaka atvinnulífsins, vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, sem gildi samkvæmt frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022, teljist enn hafa gildi sem „lágmarkskjör“ í skilningi laga nr. 55/1980 fyrir félagsmenn

stefnda sem ráðnir eru til starfa hjá félagsmönnum stefnanda þar til gerður hafi verið kjarasamningur milli stefnanda og stefnda.

- 5 Aðallega að viðurkennt verði með dómi að félagsmenn stefnanda, sem hafa greitt starfsmönnum sínum, sem eru félagsmenn stefnda, laun í samræmi við miðlunartillöguna eigi rétt til endurgreiðslu þess hluta sem er umfram lágmarkskjör. Til vara að viðurkennt verði að stefndi hafi verið bær til að móttaka fyrir hönd félagsmanna sinna fyrirvara um endurgreiðslu ofgreiddra launa sem kom fram í bréfi 24. mars 2023.
- 6 Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 7 Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir

- 8 Hinn 31. október 2022 féll úr gildi kjarasamningur stefnda Eflingar - stéttarfélags við Samtök atvinnulífsins (SA), vegna vinnu starfsfólks á veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, sem gilt hafði frá 1. apríl 2019. Stefndi og SA áttu í kjaraviðræðum og var þeim vísað til ríkissáttasemjara 7. desember 2022. Leyst var úr vinnudeilu stefnda og SA þegar miðlunartillaga ríkissáttasemjara var samþykkt 8. mars 2023. Komst þá á nýr kjarasamningur á milli þeirra, með þeim hætti sem nánar greinir í miðlunartillögunni.
- 9 Frá maí 2022 áttu forsvarsmenn stefnanda og stefnda í samskiptum sem lutu að mögulegum viðræðum um gerð kjarasamnings. Hinn 16. maí 2022 óskuðu forsvarsmenn stefnanda eftir því að funda með stefnda vegna gerðar kjarasamnings. Því til stuðnings var vísað til þess að stefnandi væri stærstu samtök veitingageirans þar sem um 150 fyrirtæki væru félagsmenn. Gögn málsins bera með sér að forsvarsmenn félaganna hafi fundað haustið 2022 og átt frekari samskipti. Með tölvuskeyti stefnda 3. janúar 2023 var tilkynnt að eins og staðan væri hefði stéttarfélagið ekki annað í hyggju en að endurnýja kjarasamning við SA um þau störf sem um ræðir. Féllst stefndi þannig ekki á að ganga til viðræðna um kjarasamning við stefnanda.
- 10 Stefndi mótmælti afstöðu stefnda með bréfi 16. febrúar 2023. Vísað var til þess að SA hefði ekki umboð til að gera kjarasamning fyrir hönd félagsmanna í stefnanda og að slíkur samningur gæti ekki skapað félagsmönnum stefnda réttindi gagnvart félagsmönnum stefnanda. Skorað var á að stefnda að staðfesta vilja sinn til að ganga til viðræðna um kjarasamning við stefnanda en ella yrði deilunni vísað til ríkissáttasemjara. Stefndi brást ekki við áskorun stefnanda og beindi stefnandi erindi til ríkissáttasemjara 24. febrúar 2023. Í erindinu kom fram að deilunni væri vísað til embættisins í þeirri von að slíkt gæti liðkað fyrir gerð kjarasamnings. Erindið var ítrekað 1. mars 2023.

- 11 Með tölvupósti ríkissáttasemjara 2. mars 2023 var vísað til þess að embættið hefði ekki heimild samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur til að bregðast við erindi stefnanda. Var meðal annars tekið fram að enginn kjarasamningur væri í gildi milli stefnanda og stefnda og hefði stefndi engan vilja sýnt til að gera slíkan samning.
- 12 Stefndi ítrekaði beiðni sínu um að gengið yrði til kjarasamningsviðræðna með tölvupósti til stefnda 9. mars 2023. Í svari stefnda, sem sent var degi síðar, kom fram að kjarasamningsgerð stéttarfélagsins við SA um störf á gistihúsum og veitingahúsum hefði lokið 8. mars 2023 þegar miðlunartillaga ríkissáttasemjara hefði tekið gildi. Tekið var fram að kjarasamningurinn væri bindandi sem lágmarkskjör ófaglærðs starfsfólks á veitingahúsum á félagssvæði stefnda.
- 13 Með bréfi stefnanda 24. mars 2023 var því lýst yfir að félagsmenn hans væru ekki bundnir af þeim kjarasamningi sem komst á með samþykkt miðlunartillögunnar. Áréttað var að SA hefði ekki umboð til að gera kjarasamning fyrir hönd félagsmanna stefnanda og var áskilinn réttur þeirra til krefjast endurgreiðslu launa sem yrðu greidd samkvæmt kjarasamningnum. Stefndi svaraði erindinu 28. mars 2023 og ítrekaði fyrri afstöðu sína.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 14 Stefndi kveðst vera sjálfstæð samtök sem stofnuð hafi verið 2. júní 2021 í því skyni að skapa vettvang fyrir fyrirtæki á veitingamarkaði til að standa vörð um og tryggja sérstaka hagsmuni sína. Samkvæmt 2. gr. samþykktta samtakanna sé tilgangur þeirra að vera sameiginlegur málsvari gagnvart stjórnvöldum og almenningi, stuðla að fagmennsku í veitingageiranum og annast samskipti við stéttarfélög, gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sem falið hafi samtökunum umboð til þess og vera í forsvari við rekstur mála fyrir dómi og gagnvart stjórnvöldum í málum sem snerti hagsmuni og réttindi félagsmanna stefnanda. Aðild að stefnanda geti átt fyrirtæki og sjálfstæðir atvinnurekendur sem starfi á veitingamarkaði og hafi tilskilin rekstrarleyfi, sbr. 3. gr. samþykktanna.
- 15 Stefndi kveður félagsmenn samtakanna telja 175 rekstraraðila sem reki tæplega 300 veitingastaði með um það bil 5.500 til 6.000 starfsmenn, sem nemi um það bil 55% allra starfa á þessum markaði. Til samanburðar séu aðeins um það bil 40 rekstraraðilar veitingahúsa innan vébanda SA. Með aðild að stefnanda hafi félagsmenn veitt samtökunum umboð til að fara með gerð kjarasamninga og ákvarðanir um vinnustöðvanir, sbr. 12. og 13. gr. samþykktanna.
- 16 Á þessum grunni hafi forsvarsmenn stefnanda óskað eftir því vorið 2022 að ganga til viðræðna við stefnda um gerð kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna um störf á starfssvæði stefnda. Stefndi hafi hafnað þeirri málaleitan, en stefndi mótmælt því og lagt áherslu á að SA hefði ekki umboð til að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna stefnanda. Hafi stefndi leitað til ríkissáttasemjara, en hann ekki talið

sér heimilt að bregðast við erindinu. Hinn 10. mars 2023 hafi stefndi lýst þeirri afstöðu að kjarasamningur hans við SA um störf á gistihúsum og veitingahúsum kvæði á um kjör ófaglærðs starfsfólks á veitingahúsum á félagssvæði stefnda og að hann væri bindandi um lágmarkskjör.

- 17 Stefnandi byggir á því að afstaða stefnda standist ekki lög. Samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 2. gr., 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 12. gr., sbr. 4. mgr. 3. gr., samþykkt stefnanda hafi félagsmenn falið samtökunum óskorað umboð til að fara með hagsmuni sína og gera alla kjarasamninga fyrir þeirra hönd. Félagsmönnum stefnanda sé frjálst að ráðstafa samningsumboði sínu með þessum hætti á grundvelli 74. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þá beri að líta á stefnanda sem „félag atvinnurekenda“ í skilningi vinnulöggjafar og fari samtökin meðal annars með heimild til samningaviðræðna og undirritunar kjarasamnings, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938.
- 18 Samkvæmt framangreindu hafi stefnda verið óheimilt að ganga til samninga við SA vegna félagsmanna sem vinni hjá félagsmönnum stefnanda. SA hafi ekki umboð til að semja fyrir hönd félagsmanna stefnanda og vinnumarkaðslöggjöfin mæli ekki fyrir um almenna heimild samtakanna til að taka ákvarðanir fyrir atvinnurekendur sem standi utan þeirra. Þvert á móti leiði af 23. gr. laga nr. 80/1938 að umboð til slíks geti ekki skapast nema á grundvelli beins löggernings eða viljayfirlýsingar, sbr. einnig meginreglur samningaréttarins. Afstaða stefnda virðist reist á hugmyndum um einhvers konar framsal á opinberu valdi til SA til ákvörðunar á lágmarkslaunum og sé í brynni andstöðu við 2. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 72., 74. og 75. gr, sem og 8. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 1. gr. 1. samningsviðauka sáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994.
- 19 Stefnandi tekur fram að heimildir löggjafans til að framselja vald til reglusetningar séu afar takmarkaðar þegar um sé að ræða íþyngjandi skerðingar á féлага- og atvinnufrelsi. Hagsmunir félagsmanna í SA fari lítt saman við hagsmuni félagsmanna stefnanda, enda sinni einungis örfáir félagsmenn SA veitingarekstri og hafi atkvæði þeirra lítið sem ekkert vægi við atkvæðagreiðslur á vettvangi samtakanna. Engin lagaákvæði takmarki rétt félagsmanna stefnanda til þess að taka sjálfstæðar og óháðar ákvarðanir án afskipta annarra, svo sem um hvernig umboði til kjarasamningsgerðar sé háttað. Sú hugmynd að SA hafi einhvers konar boðvald yfir félagsmönnum stefnanda við gerð kjarasamninga fari í bága við framangreind grundvallarréttindi.
- 20 Með vísan til framangreinds séu félagsmenn stefnanda óbundnir af þeim kjarasamningi sem komist hafi á milli SA og stefnda með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Miðlunartillagan hafi eingöngu verið borin undir atkvæði félagsmanna stefnda og aðildarféлага SA. Félagsmenn stefnanda hafi hvorki átt aðkomu að kjarasamningsviðræðum né atkvæðagreiðslu um miðlunartillöguna.
- 21 Verði ekki fallist á að miðlunartillagan nái ekki til félagsmanna stefnanda byggir stefnandi á því að hún fái ekki stoð í lögum nr. 80/1938 að því er varðar félagsmenn

hans. Ríkissáttasemjari hafi lýst því í tölvupósti 2. mars 2023 að hann hefði ekki heimild samkvæmt fyrrgreindum lögum til að bregðast við erindi stefnanda um að vísa deilu aðila til embættisins. Þá hafi í tölvupósti embættisins 6. sama mánaðar komið fram að „framlögð miðlunartillaga [næði] eingöngu til kjaradeilu stefnda og SA“ sem hefði verið til meðferðar hjá embættinu og að ekki væri gert ráð fyrir að „aðrir en þeir sem [ættu] aðild að kjaradeilunni“ greiddu atkvæði um hana. Í þessu felist staðfesting á því að miðlunartillagan geti ekki haft gildi gagnvart félagsmönnum stefnanda samkvæmt lögum.

- 22 Samkvæmt framangreindu geti félagsmenn stefnanda ekki talist bundnir af efni miðlunartillögunnar og kveði hún ekki á um „lágmarkskjör“ í skilningi laga nr. 55/1980 fyrir félagsmenn stefnda sem starfi hjá félagsmönnum stefnanda. Stefndi hafi ekki gert kjarasamning við stefnanda þrátt fyrir ítrekaðar kröfur samtakanna. Að þessu virtu sé félagsmönnum stefnanda rétt að líta svo á að eldri kjarasamningur milli stefnda og Samtaka atvinnulífsins vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, sem hafi tekið gildi 1. apríl 2019 og runnið út 1. nóvember 2022, teljist enn gilda sem lágmarkskjör í skilningi fyrrgreindra laga. Þannig sé réttarstaðan þar til gerður hafi verið nýr kjarasamningur milli málsaðila.
- 23 Stefnandi tekur fram að margir félagsmenn hafi talið rétt, á meðan mál þetta sé til úrlausnar, að greiða starfsmönnum sem séu félagar í stefnda laun í samræmi við miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Hafi stefnandi því séð sig knúinn til að beina formlegum fyrirvara til stefnda með bréfi 24. mars 2023 um endurkröfu ofgreiddra launa umfram lágmarkskjör. Leiði af almennum reglum kröfuréttar um endurheimtu ofgreidds fjár að starfsmönnum beri að endurgreiða þær fjárhæðir sem um tefli.
- 24 Stefnandi kveðst hafa ríka hagsmuni af því að fyrsti kröfuliður sem lýtur að viðurkenningu á samningsumboði hans verði tekinn til greina. Stefndi hafi ekki fallist á að stefnandi sé réttur samningsaðili vegna félagsmanna sinna við gerð kjarasamnings og þurfi að slá því föstu með dómi að svo sé.
- 25 Jafnframt sé brýnt að annar kröfuliður sé tekinn til greina og staðfest að miðlunartillaga ríkissáttasemjara eigi ekki við um stefnanda. Stefndi hafi ekki viljað fallast á þetta og talið að aðild SA að miðlunartillögunni og kosning um hana innan vébanda þeirra hafi með einhverjum hætti bindandi gildi fyrir félagsmenn stefnanda.
- 26 Til að ágreiningur aðila sé að fullu útkljáður sé einnig brýnt að fallist verði á þriðju og fjórðu kröfu stefnanda. Í dómaframkvæmd Félagsdóms hafi ítrekað verið fjallað um hvaða kjarasamningur gildi sem lágmarkskjör og falli úrlausn um það hvort miðlunartillagan gildi sem lágmarkskjör undir lögsögu dómstólsins. Að sama skapi beri að staðfesta að eldri kjarasamningur, sem samkvæmt efni sínu rann út 1. nóvember 2022, gildi enn óbreyttur fyrir félagsmenn stefnanda hvað lágmarkskjör varðar.

27 Til stuðnings sjöttu kröfu stefnanda er vísað til þess að margir félagsmenn hafi greitt starfsmönnum, sem séu félagsmenn í stefnda, laun í samræmi við miðlunartillöguna. Samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938 dæmi Félagsdómur í málum sem varði ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Undir það falli úrlausn um hvort ofgreiðslur miðað við kjarasamning stofni rétt til endurgreiðslu. Að virtum fyrirvara um endurgreiðslur sem stefnandi hafi beint til stefnda hafi hann lögvarða hagsmuni af úrlausn um kröfuna. Sé í öllu falli mikilvægt að staðfest verði að stefndi teljist hafa mótttekið þann fyrirvara sem gerður hafi verið um endurgreiðslu ofgreiddra launa fyrir hönd félagsmanna sinna.

Málsástæður og lagarök stefnda

28 Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Vísað er til þess að tilgangur málsóknarinnar virðist vera að félagsmenn stefnanda geti greitt starfsmönnum lægri laun en kveðið sé á um í samningum aðila vinnumarkaðarins. Það sé hlutverk stefnda að gæta hagsmuna félagsfólks síns að þessu leyti, sbr. meðal annars 74. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæði laga nr. 80/1938, og mikilvægt að kröfur stefnanda nái ekki fram að ganga.

29 Stefndi vekur athygli á því að kröfur stefnanda lúti að því að kjarasamningur stefnda og SA sé ekki bindandi þar sem stefnandi fari með samningsumboð fyrir ótilgreinda félagsmenn. Snúi málsástæður stefnanda að miklu leyti að ágreiningi milli hans og SA um umboð til þess að gera kjarasamning og um félagsaðild. Hljóti aðkoma SA að vera nauðsynleg til þess að leysa úr málatilbúnaði og kröfum stefnanda.

30 Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi ekki lagt fram gögn sem sýni fram á að hann teljist félag atvinnurekenda í skilningi vinnulöggjafarinnar. Til að mynda hafi ekki verið lagðar fram upplýsingar um úrsagnir atvinnurekenda úr SA, en reglur um úrsagnir sé að finna í 8. gr. samþykktu samtakanna. Það auki á óskýrleika málatilbúnaðar stefnanda að ekki sé tilgreint það tímamark sem hann telji sig hafa orðið bærán til þess að fara með samningsumboðið í stefnu. Því sé í öllu falli ekki haldið fram að allir starfsmenn á veitingamarkaði eigi aðild að stefnanda og hafi samningsumboði SA ekki verið hnekkt, enda sé fjöldi fyrirtækja á veitingamarkaði innan samtakanna. Þá hafi SA og forverar þeirra um áratugaskeið samið um störf á veitingamarkaði á félagssvæði stefnda.

31 Stefndi mótmælir því að ákvörðun stefnda um að ganga til samninga við SA feli í sér „einhvers konar framsal á opinberu valdi“ til ákvörðunar á lágmarkslaunum. Að sama skapi er staðhæfingum um að kjarasamningsgerðin sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu mótmælt sem haldlausum.

32 Stefndi telur helst unnt að skilja málatilbúnað stefnanda þannig að hann telji fyrirkomulag 1. gr. laga nr. 55/1980 og laga nr. 80/1938, þar sem aðilum vinnumarkaðarins sé falið það hlutverk að semja um lágmarkslaun fyrir þau störf sem þeir hafa látið til sín taka, ósamrýmanlegt stjórnarskrá og mannréttindasáttmálanum.

Lögmæti fyrirkomulagsins hafi ítrekað verið staðfest í framkvæmd. Þá komi fram í 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 13. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, að í lögum skuli kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Með þessu hafi verið fest í stjórnarskrá það sanningsfrelsi sem ríkt hafi á Íslandi á meðal þorra launafólks um kjör og önnur mikilvæg réttindi sem tengist vinnu. Hafi ákvæðið ótvíræða tengingu við rétt stéttarfélaganna til þess að semja sameiginlega fyrir hönd félagsmanna sinna um starfskjör sem verndaður sé í félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar.

- 33 Stefndi leggur áherslu á að það fyrirkomulag að lágmarkskjör séu tryggð í samningum aðila vinnumarkaðarins, þar sem stéttarfélög beiti sanningsrétti sínum í þágu launþega, sé bæði lögbundið og stjórnarskrárbundið. Réttindunum sé ætlað að styrkja stöðu launafólks sem standi jafnan höllum fæti gagnvart atvinnurekendum. Verði réttindunum ekki beitt með sama hætti í þágu atvinnurekenda og félaganna atvinnurekenda. Þá standist ekki tilvísun stefnanda til þess að skylda til að greiða kjarasanningsbundin lágmarkslaun brjóti gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar, en það sé bæði ómálefnalegt og andstætt því vinnumarkaðsmódeli sem hér sé við lýði. Geti félagsmenn stefnanda ekki svipt starfsfólk lágmarkslaunum með því að standa utan heildarsamtaka atvinnurekenda. Það sé nauðsynlegt að kjarasamningar bindi atvinnurekendur óháð aðild þeirra að slíkum samtökum, enda gætu atvinnurekendur ella ákveðið að þau lágmarkslaun sem samið hafi verið um gildi ekki fyrir það launafólk sem hjá þeim starfi. Verði talið að samningur stefnda og SA feli í sér takmörkun á félagafrelsi, atvinnufrelsi eða eignarrétti félagsmanna stefnanda sé sú takmörkun lögbundin og stefni að því lögmæta markmiði að gæta réttinda launafólks gagnvart atvinnurekendum.
- 34 Stefndi telur aðra, þriðju og fjórðu kröfu stefnanda allar hafa það markmið að hnekkja því að sá kjarasamningur, sem komst á með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara, gildi gagnvart félagsmönnum stefnanda sem lágmarkslaun. Þessi málatalilbúnaður sé í andstöðu við 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 þar sem fram komi að stéttarfélög séu lögformlegir sanningsaðilar um kaup og kjör meðlima sinna. Þessu hlutverki fullnægi stéttarfélög með gerð kjarasamninga og hafi samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara samkvæmt III. kafla laga nr. 80/1938 sömu áhrif. Þegar kjarasamningur sé kominn á gildi hann sem lágmarkslaun fyrir allt það launafólk sem hann taki til og séu samningar einstakra atvinnurekenda við verkafólk, að svo miklu leyti sem þeir fari í bága við kjarasamning, ógildir, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 80/1938.
- 35 Samkvæmt i-lið 1. mgr. 2. gr. laga Eflingar - stéttarfélags semji félagið meðal annars fyrir starfsfólk á veitinga- og gististöðum á starfssvæði sínu. Hafi stefndi um árabíl samið við SA um störf þessa starfsfólks og hafi gildistími kjarasannings verið framlengdur til 31. janúar 2024 með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara, með þeim breytingum og viðbótum sem tilgreindar hafi verið í tillögunni. Frá þeim tíma

hafi verið í gildi kjarasamningur sem taki til starfsfólks stefnda á veitinga- og gististöðum, þar með talið hjá félagsmönnum stefnanda. Með erindum ríkissáttasemjara, sem stefnandi hafi vísað til, hafi hlutverk hans verið útskýrt og fari því fjarri að staðfest hafi verið að miðlunartillagan hefði ekki gildi gagnvart félagsfólki stefnanda.

- 36 Stefndi tekur fram að í meginráttum sé eini munurinn á þeim kjarasamningi sem stefnandi haldi fram að skuli gilda og þeim sem hafi tekið gildi með miðlunartillögu ríkissáttasemjara að fjárhæðir launaliða hafi verið hækkaðar. Það sýni glögg að markmið málatilbúnaðar stefnanda sé að félagsmönnum hans verði heimilað að greiða lægri laun en samið hafi verið um. Samkvæmt gildandi rétti verði áhætta af atvinnurekstri ekki lögð á herðar launafólks þannig að semja verði á ný um lágmarkslaun telji atvinnurekandi ekki forsendur fyrir greiðslu þeirra, heldur beri atvinnurekandinn sjálfur hallann af slíkri áhættu.
- 37 Stefndi bendir á að kröfur stefnanda standist ekki jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Yrði fallist á kröfurnar væru einstaklingar í öldungis sambærilegum störfum, í sama stéttarfélagi og á sama félagssvæði með mismunandi laun, eingöngu vegna félagsaðildar vinnuveitenda að samtökum atvinnurekenda. Gæti vinnuveitandi þannig skapað grundvöll ómálefnalegrar mismununar í kjörum tveggja starfsmanna sem þó starfi við sambærileg störf.
- 38 Stefndi telur aðalkröfu samkvæmt fimmta kröfulið stefnu ódómhæfa, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d- og e- liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Ekki sé tilgreint hver eða hverjir séu skuldarar þeirra endurgreiðslukrafna sem um ræðir, til hvaða tímabils viðurkenningarkrafa stefnanda taki eða á hvaða grundvelli meint kröfuréttindi félagsmanna stefnanda séu reist. Þá eigi krafan sem lúti að endurgreiðslu ofgreiddra launa ekki undir lögsögu Félagsdóms, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Verði kröfunni ekki vísað frá dómi beri að hafna henni með vísan til þess sem áður hefur verið rakið um skyldu til að greiða lágmarkslaun. Jafnframt beri að vísa varakröfu stefnanda frá dómi þar sem hún feli í sér lögspurningu í andstöðu við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, auk þess sem úrlausn um kröfuna falli utan valdsviðs Félagsdóms. Að sama skapi séu ekki efnisleg skilyrði til að fallast á kröfuna, svo sem nánar er rökstutt í greinargerð stefnda.

Niðurstaða

- 39 Kröfur stefnanda, sem er samtök atvinnurekenda á veitingamarkaði, lúta að því að viðurkennt verði með dómi að hann fari með sammingsumboð fyrir félagsmenn sína gagnvart stefnda Eflingu – stéttarfélagi við gerð kjarasamnings sem gildi um störf félagsmanna stéttarfélagsins. Þess er jafnframt krafist að viðurkennt verði með dómi að miðlunartillaga ríkissáttasemjara, sem var samþykkt 8. mars 2023, sé ekki bindandi fyrir félagsmenn stefnanda og að hún hafi ekki gildi sem lágmarkskjör í skilningi laga nr. 55/1980 fyrir félagsmenn stefnda sem starfa hjá þeim félögum sem eiga aðild að stefnanda. Þá er krafist viðurkenningar á að kjarasamningur stefnda og SA vegna

vinnu starfsfólks á veitinga- og gistihúsum, sem gildi frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022, hafi gildi sem lágmarkskjör í framangreindum skilningi þar til gerður hafi verið kjarasamningur á milli málsaðila. Loks er krafist viðurkenningar á rétti félagsmanna stefnanda til endurgreiðslu launa sem hafi verið umfram lágmarkskjör samkvæmt þeim kjarasamningi sem stefnandi telur gilda, en til vara viðurkenningar á að stefndi hafi verið bær til að móttaka fyrirvara um endurgreiðslu ofgreiddra launa.

- 40 Stefndi hefur vakið athygli á því að SA hafi ekki verið stefnt í málinu og telur að þörf hafi verið á aðild samtakanna til varnar, enda lúti kröfur og málsástæður stefnanda að kjarasamningi sem samtökin hafi gert. Að virtum kröfum stefnanda verður ekki séð að honum hafi verið skylt að beina þeim sameiginlega að stefnda og SA, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Verður málinu því ekki vísað frá Félagsdómi á þessum grunni.
- 41 Fyrsta dómkrafa stefnanda lýtur að viðurkenningu á því að hann fari, sem félag atvinnurekenda á veitingamarkaði, með umboð fyrir félagsmenn sína til að gera kjarasamning við stefnda sem gildi um störf félagsmanna stéttarfélagsins. Við munnlegan málflutning kom fram að með kröfunni væri leitað staðfestingar Félagsdóms á því að stefnandi færi með slíkt samningsumboð til framtíðar litið, en fram til þessa hefði stefndi neitað að ganga til viðræðna um kjarasamning við samtökin.
- 42 Fjallað er um lögsögu Félagsdóms í 44. gr. laga nr. 80/1938 og eru mál sem falla undir valdsvið dómsins þar tæmandi talin. Við munnlegan málflutning kom fram að stefnandi teldi úrlausn um kröfuna heyra undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr., en þar kemur fram að það sé verkefni dómsins að dæma í málum sem rísa út af kærnum um brot á kjarasamningi eða „út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans“.
- 43 Í dómafrankvæmd hefur verið talið falla innan valdsviðs Félagsdóms að leysa úr kröfum um viðurkenningu á samningsaðild tiltekinna stéttarfélaga vegna félagsmanna á grundvelli 2. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Hefur það verið rökstutt með vísan til þess að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna séu stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna og að megininntak réttar manna til aðildar að stéttarfélögum sé samningsfyrirsvar félaganna við kjarasamningsgerð, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 27. maí 2011 í máli nr. 302/2011. Hefur þannig verið litið til lögbundins samningsfyrirsvars stéttarfélaga og tengsla þess við gildi kjarasamnings sem varða kaup og kjör meðlima þeirra, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.
- 44 Ekki verður séð að áður hafi komið til úrlausnar hvort það falli innan valdsviðs Félagsdóms að leysa úr kröfu félags atvinnurekenda um viðurkenningu á umboði til að ganga til samninga við tiltekið stéttarfélag í framtíðinni. Að virtu orðalagi fyrrgreinds ákvæðis og því að almennt ber að túlka lögsögu Félagsdóms sem

sérdómstóls þröngt, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar 5. nóvember 2002 í máli nr. 479/2002 og 9. maí 2005 í máli nr. 170/2005, verður ekki talið að úrlausn um kröfu stefnanda falli undir valdsvið dómstólsins. Verður því að vísa kröfunni sjálfkrafa frá dómi.

- 45 Svo sem áður greinir lýtur fimmta dómkrafa stefnanda að viðurkenningu á rétti félagsmanna hans til endurgreiðslu launa sem kunni að hafa verið ofgreidd, en til vara að viðurkenningu á að stefndi hafi verið bær til að móttaka fyrirvara um slíkt. Úrlausn um þessa kröfu fellur utan valdsviðs Félagsdóms eins og það er afmarkað í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og verður kröfunni vísað sjálfkrafa frá dómi.
- 46 Með annarri og þriðju dómkröfu stefnanda er leitað úrlausnar um hvort sá kjarasamningur sem komst á þegar miðlunartillaga ríkissáttasemjara var samþykkt 8. mars 2023 sé bindandi fyrir stefnanda og félagsmenn hans. Þá lýtur fjórða dómkrafan að viðurkenningu á því að kjarasamningur SA og stefnda, sem var í gildi frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022, gildi fyrir félagsmenn stefnanda þar til nýr kjarasamningur hafi verið gerður milli málsaðila. Þessar kröfur eiga það sammerkt að lúta að gildi kjarasamnings í skilningi 2. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og fellur úrlausn um þær innan lögsögu Félagsdóms.
- 47 Af málatilbúnaði stefnanda verður ráðið að með fyrrgreindum dómkröfum, sem eru nátengdar, sé leitað staðfestingar Félagsdóms á því að sá kjarasamningur sem komst á með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara gildi ekki gagnvart félagsmönnum stefnanda. Þannig séu þeir atvinnurekendur sem eiga aðild að stefnanda ekki bundnir af þeim lágmarkskjörum sem greinir í kjarasamningnum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980. Verði því að líta svo á að eldri kjarasamningur SA og stefnda, sem nú er fallinn úr gildi, mæli fyrir um lágmarkskjör þar til málsaðilar hafi gert nýjan kjarasamning.
- 48 Þessu til stuðnings hefur stefnandi einkum vísað til þess að félagsmenn hans hafi hvorki komið að kjarasamningsviðræðum né greitt atkvæði um miðlunartillöguna. Hafi stefnda verið óheimilt að ganga til samninga við SA vegna starfsmanna sem starfi hjá félagsmönnum stefnanda, enda hafi stefnandi ítrekað óskað eftir kjaraviðræðum við stefnda. Þá telur stefnandi að afstaða stefnda sé reist á framsali á valdi til SA til ákvörðunar á lágmarkslaunum sem standist ekki ákvæði stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu.
- 49 Til þess er að líta að þegar miðlunartillaga ríkissáttasemjara í deilu SA og stefnda Eflingar – stéttarfélags var samþykkt 8. mars 2023 komst á kjarasamningur sem tekur til starfsfólks á veitinga- og gistihúsum á starfssvæði stefnda. Með þessu var leyst úr vinnudeilu SA og stefnda á grundvelli ákvæða III. kafla laga nr. 80/1938 þar sem fjallað er um sáttastörf í vinnudeilum. Greiddu annars vegar félagsmenn stefnda og hins vegar félagsmenn SA atkvæði um tillöguna, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. laganna. Það er ágreiningslaust að félagsmenn stefnanda sem ekki áttu aðild að SA tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Ekki verður fallist á þá röksemd stefnanda að vegna þessa

standist miðlunartillagan ekki lög nr. 80/1938 að því er varðar félagsmenn hans, enda greiddu aðilar vinnudeilunnar atkvæði um tillöguna svo sem lögin gera ráð fyrir.

- 50 Svo sem rakið hefur verið var áður í gildi kjarasamningur SA og stefnda frá 1. apríl 2018 sem tók til starfsemi á veitinga- og gistihúsum á starfssvæði stefnda og var hann framlengdur með miðlunartillögu ríkissáttasemjara með þeim breytingum sem þar greinir. Liggur jafnframt fyrir að SA og hið stefnda stéttarfélag, sem og forverar þeirra, hafa um langt skeið gert kjarasamninga sem taka til starfsfólks á starfssvæði stefnda.
- 51 Leggja verður til grundvallar að með þeim kjarasamningi sem komst á 8. mars 2023 hafi aðildarsamtök vinnumarkaðarins samið um laun og önnur starfskjör starfsfólks á fyrrgreindu sviði. Það leiðir af 1. gr. laga nr. 55/1980 að um er að ræða lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Þá er í ákvæðinu tekið af skarið um að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði skuli vera ógildir, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 80/1938.
- 52 Ákvæði um bindandi lágmarkskjör var fyrst tekið upp í 1. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl. og er ákvæðið nú óbreytt í 1. gr. laga nr. 55/1980. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 9/1974 var tekið fram að það muni vera almenn skoðun að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um kaup og kjör séu bindandi fyrir alla vinnuveitendur og launþega „án tillits til þess hvort þeir séu aðilar að samtökum þeim, sem undirrita kjarasamninga, eða ekki.“ Nýlegir dómur Hæstaréttar hafi bent til þess að sú skoðun orkaði tvímælis og þætti nauðsyn að útiloka þann vafa. Til stuðnings þeirri nauðsyn var í athugasemdunum meðal annars vísað til þess að ef vinnuveitendur, sem ekki væru beinir aðilar að kjarasamningi, væru óbundnir af umsömdum lágmarkskjörum væri það til þess fallið að skerða rétt launþega til ávinnings fyrir vinnuveitanda.
- 53 Samkvæmt framangreindu gerir gildandi réttur ráð fyrir því að lágmarkslaun tiltekinna starfsstétta taki mið af almennum kjarasamningum á sviðinu. Þannig séu almennir kjarasamningar bindandi fyrir atvinnurekendur óháð aðild þeirra að samtökum atvinnurekenda sem komið hafi að gerð viðkomandi kjarasamninga. Hefur því ekki þýðingu hvort einstakir atvinnurekendur hafa komið að kjarasamningsviðræðum eða atkvæðagreiðslu um kjarasamning. Af lögskýringargögnum verður ráðið að gagnert sé mælt fyrir um þessa skipan í vinnulöggjöf til að tryggja öllu launafólki í tiltekinni starfsgrein lágmarkskjör sem atvinnurekendur verði að hlíta.
- 54 Ljóst er að þessu lögbundna fyrirkomulagi er ætlað að styrkja stöðu launafólks gagnvart atvinnurekendum. Fyrirkomulagið fær jafnframt stoð í 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 13. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, þar sem fram kemur að í lögum skuli kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi

tengd vinnu, og rétti stéttarfélaga til þess að semja fyrir hönd félagsmanna sinna um starfskjör sem nýtur verndar 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938.

- 55 Að mati Félagsdóms hefur stefnandi ekki fært haldbær rök fyrir því að þetta lögbundna fyrirkomulag sé andstætt þeim stjórnarskrárákvæðum og ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu sem hann hefur vísað til, en fyrirkomulagið fær jafnframt stoð í 74. gr. og 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmálans, svo sem áður hefur verið rakið. Tekið skal fram að þessi niðurstaða takmarkar ekki heimild stefnanda, sem félags atvinnurekenda, til að ganga til viðræðna við stefnda um gerð kjarasamnings sem varðar starfsmenn á veitingamarkaði á síðari stigum, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar.
- 56 Að öllu framangreindu virtu eru félagsmenn stefnanda með sama hætti og aðrir atvinnurekendur á veitingamarkaði bundnir af þeim lágmarkskjörum sem mælt er fyrir um í þeim kjarasamningi sem komst á með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara 8. mars 2023. Verður stefndi því sýknaður af annarri, þriðju og fjórðu dómkröfu stefnanda.
- 57 Að virtum úrslitum málsins verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Fyrstu og fimmtu dómkröfu stefnanda, Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði, er vísað frá dómi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Eflingar – stéttarfélags, er að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda.

Stefnandi greiði stefnda 800.000 krónur í málskostnað.